

Fimmtudaginn 15. janúar 1998.

Nr. 362/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Kristni Kristinssyni

(Ólafur Birgir Árnason hrl.)

Líkamsárás. Nauðung. Húsbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 28. ágúst 1997. Vísar ákærði til a- og b-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Hann krefst þess, að refsing verði milduð.

Endanleg krafa ákærvalds er sú, að niðurstaða héraðsdóms um refsingu ákærða verði staðfest og jafnframt heimfærsla dómsins á brotum ákærða til refsíákvæða.

Ásamt ákærða fyrir Hæstarétti voru tveir aðrir menn ákærðir í máli þessu. Kemur niðurstaða héraðsdóms um sakargiftir á hendur þeim ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

I.

Kröfu um mildun refsingar reisir ákærði á því, að hann hafi ekki beitt tvær nafngreindar stúlkur nauðung, svo að varðað geti við 225. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, meðan tveir félagar hans misþyrmdu Hlyni Jónssyni á heimili hans að Ægisbyggð 4 á Ólafsfirði 1. desember 1996, þar sem stúlkurnar gættu ungs barns hans. Ákærði hafði þá skömmu áður ruðst óboðinn inn á heimilið ásamt fyrrnefndum félögum sínum. Verður fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að háttsemi ákærða hafi verið til þess fallin að valda stúlkunum ótta og að þær hafi jafnframt haft fullt tilefni til að álíta, að þeim væri ófrjálst að fara af staðnum eða gera lögreglu eða öðrum viðvart. Að þessu virtu verður staðfest sú niðurstaða héraðsdóms, að með athæfi sínu hafi ákærði brotið gegn 225. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði vefengir þá niðurstöðu héraðsdóms, að brot sitt varði við 1. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940. Telur hann brotið eiga undir 217. gr. sömu laga. Vísar hann um það sérstaklega til áverkavottorðs læknis, sem dagsett er 9. desember 1996, en ekki sé fullt samræmi milli þess og upplýsinga í öðru vottorði, sem dagsett er 19. mars 1997.

Þegar nefnd gögn og framburður Hlyns Jónssonar fyrir dómi eru virt, verður fallist á, að ekki sé alveg nægilega í ljós leitt, að meiðsl hans séu þess háttar, að 1. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940 taki til brots ákærða. Verður brot hans, sem að þessu lýtur, heimfært undir 217. gr. sömu laga, en svo sem í héraðsdómi greinir, tók ákærði þátt í at-löggunni gegn Hlyni að því leyti, sem hún fór fram utan hússins að Ægisbyggð 4.

Árás ákærða og félaga hans á Hlyn Jónsson var hrottafengin. Við ákvörðun refsingar verður meðal annars litið til þess, að fleiri menn unnu verkið í sameiningu, sbr. 2. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940. Að virtu öllu framanröktu verður niðurstaða héraðsdóms um refsingu ákærða staðfest, svo sem ákærvaldið nú krefst. Verður jafnframt staðfest niðurstaða hans um greiðslu sakarkostnaðar. Þá skal ákærði greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður, að því er varðar ákærða, Kristin Kristinsson.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ólafs B. Árnasonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 24. júní 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum máflutningi 18. júní sl., var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 4. febrúar 1997, og ákæruskjali sýslumannsins í Ólafsfirði, út gefnu 10. febrúar sl. Með heimild í 3. mgr. 23. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála voru málin sameinuð.

Ákæruskjal ríkissaksóknara, út gefið 4. febrúar 1997.

Með ákæruskjali þessu eru ákærðu A, Kristinn Kristinsson, Aðalgötu 28, kennitala 060474-3039, og B, Ólafsfirði, saksóttir fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum árið 1996:

„A. – – –

B. Ákærðu er öllum gefið að sök:

1.

Þjófnaður með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 14. nóvember brotist inn í vöruafgreiðslu Sveins Stefánssonar hf., Hafnargötu 8, Ólafsfirði, og stolið fimm póstpökkum.

Teljast brot ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2.

Líkamsárás og nauðung með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 1. desember ruðst heimildarlaust inn í einbýlishúsið nr. 4 við Bylgjubýggð í Ólafsfirði, ákærðu A og B veist þar að húsráðanda, Hlyni Jónssyni, kt. 270770-3659, sem svaf í einu svefnherbergi hússins, og veitt honum mörg hnefahögg í andlit og á höfuð og ákærði A jafnframt veitt honum högg með priki, á meðan ákærði Kristinn varnaði tveimur stúlkum, T, f. 1982, og J, f. 1983, þess að hringja á lögreglu, meðal annars með því að hóta því, að ákærðu myndu þá drepa Hlyn.

Þá er ákærða A gefið að sök að hafa skömmu síðar veitt Hlyni högg aftan á höfuð með borðlampa utan við húsið og ákærðu öllum að hafa í framhaldi sparkað víða í líkama ákærða (sic), á meðan hann lá, svo, að ákærði (sic) missti meðvitund.

Afleiðingar árásarinnar urðu þær, að Hlynur marðist og bólgnaði í andliti, bólgnaði á hnakka, hruflaðist og marðist um allan líkamann og framtönn í neðri gómi brotnaði.

Telst brot allra ákærðu varða við 1. mgr. 218. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og brot ákærða Kristins gagnvart stúlkunum J og T jafnframt við 225. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.“

Fyrir dómi hefur sækjandi leiðrétt misritanir í 2. tl. B-kafla ákæru. Þannig er vettvangur ætlaðs brots að Ægisbyggð 4, en eigi að Bylgjubýggð 4. Þá er ranglega farið með síðara nafn ákærða A, og loks er í lokaorðum verknáðarlýsingar átt við, að húsráðandi, Hlynur Jónsson, hafi hlotið spörk víða í líkama og misst meðvitund vegna barsmíða ákærða.

Ákæruskjal sýslumannsins í Ólafsfirði, út gefið 10. febrúar 1997.

Ákæruskjal ríkissaksóknara, út gefið 4. febrúar 1997.

B-kafla ákæru, 1. töluliður.

B-kafla ákæru, 2. töluliður.

Sunnudaginn 1. desember 1996 kl. 5.10 var óskað eftir aðstoð lögreglu að Ægisbyggð 4 í Ólafsfirði. Er lögreglumennirnir Guðni Aðalsteinsson aðstoðarvarðstjóri og Jón Konráðsson varðstjóri komu á vettvang, voru fyrir í íbúðinni telpurnar J, 13 ára, og T, 14 ára, en þær höfðu þá um nóttina verið að gæta átta mánaða gamals sveinbarns. Á vettvangi var og unglingspiltur, sem telpurnar höfðu kvatt á vettvang þá skömmu áður. Í hjónaherbergi íbúðarinnar fundu lögreglumennirnir húsráðandann, Hlyn Jónsson, 26 ára. Er aðstæðum og aðgerðum lögreglu nánar lýst í frumskýrslu Guðna Aðalsteinssonar svofellt:

Tekið er fram í frumskýrslu, að telpurnar J og T hafi verið í mikilli geðs-hræringu við komu lögreglu. Við vettvangsathugun á lóð íbúðarhússins fundu lögreglumennirnir fiskihníf, og var blaðlengd hans 10 cm.

Á meðan lögregla og lækni voru á vettvangi að Ægisbyggð 4, var óskað eftir aðstoð að Ólafsvogi 13 vegna ákærða Kristins Kristinssonar. Erindinu var þegar sinnt kl. 6.10, en að lokinni aðgerð á kviði var ákærði Kristinn vistaður í fangaklefa lögreglustöðvarinnar í Ólafsfirði. Ákærðu A og B voru handteknir í vistarverum sínum að Kirkjuvegi 16 og færðir í fangaklefa kl. 8.00. Samkvæmt handtökuskýrslu voru ákærðu ölvaðir.

Fundur kæranda, ákærðu og vitna.

Hlynur Jónsson vélstjóri, 26 ára, var yfirheyrður um málsatvik hjá lögreglu 1. desember kl. 21.10 svo og 5. desember sl. Þá var hann yfirheyrður fyrir dómi við aðalmeðferð málsins.

Hlynur greindi í upphafi frá því, að hann hefði farið frá heimili sínu, Ægisbyggð 4, ásamt sambýliskonu skömmu eftir miðnætti 1. desember sl. og farið á Grillbarinn í Ólafsfirði. Kvaðst hann hafa fengið tilvonandi mágkonu sína, telpuna J, svo og vinkonu hennar, T, til að gæta barns þeirra þá um nóttina. Hann kvaðst hafa gerst allölvaður, er á leið nóttina, og um kl. 3.00 átt í einhverjum ryskingum við ákærða A á veitingastaðnum. Ekki hafði hann hugmynd um ástæðu illindanna, en engin eftirmál kvað hann hafa orðið af þeim. Hann minntist þess hins vegar ekki að hafa átt í útistöðum við ákærðu fyrir utan Grillbarinn síðar um nóttina og tók fram, að hann

hefði ekkert þekkt ákærðu nema af afspurn. Hann kannaðist við að hafa fengið heimakstur lögreglu frá veitingastaðnum, og bar, að áður nefndar stúlkur hefðu opnað útidyr við komu sína á heimilið. Eftir skamma viðdvöl í stofunni hjá stúlkunum kvaðst hann hafa farið til svefnherbergis, afklæðst öllum fötum utan nærbuxum og lagst til hvílu. Hann bar, að ungur sonur sinn, átta mánaða gamall, hefði verið sofandi í barnarúmi í herberginu. Kvaðst hann hafa vaknað upp við það, að tveir menn, ákærðu A og B, voru komnir inn í svefnherbergið, og jafnframt veitt því athygli, hvar þriðji maður stóð í dyragættinni. Kvað hann tvo hina fyrrnefndu engin umsvif hafa haft, heldur ráðist að sér, þar sem hann lá í rúminu. Í nefndri skýrslu, sem dagsett er 1. 12. sl. og staðfest fyrir dómi, lýsti hann framhaldinu svofellt:

„Hann segist hafa komist á fætur úr rúminu og með B á undan sér, komið honum í gólfið fyrir aftan rúmið og getað haldið honum þar niðri, en þá hafi A komist aftan að sér, tekið sig hálstaki og hert að, svo að hann segist hafa verið kominn að því að missa meðvitund og því orðið að sleppa B. Segist hann hafa komist á fætur, þótt hann hafi verið fastur í hálstakinu, sem A hafði náð. Hafi þá B líka komist á fætur, en sér tekist að ná taki í bringuna á honum með annarri hendi og með hinni einhverju taki á Kristni, sem hafi staðið hinum megin, nær dyrum herbergisins, og þannig reynt að halda þeim tveimur frá sér til að sleppa við högg frá þeim. Segist hann hafa reynt að berjast um og losna úr hálstakinu og hafa þá fengið mörg högg í andlit bæði frá Kristni og B. Segist hann síðan hafa náð einhverju taki á B aftur og enn komið honum í gólfið fyrir aftan rúmið, en A þá aftur náð á sér föstu hálstaki, svo að hann hafi verið að missa meðvitund. Segir hann Kristin þá hafa verið orðinn lausan og barið sig oft í höfuðið með bordlampa, sem hafi staðið á náttborði við rúmið. Lampinn hafi síðan brotnað í einu högginu. Á meðan þessu fór fram, hafi B náð föstu taki um kynfæri sér og haldið þar þvílíku taki, að hann segist ekki hafa getað annað en sleppt takinu á B. Segist hann hafa verið fastur í hálstakinu og staðið fyrir aftan rúmið, þegar B komst á fætur, og segist hann þá hafa sætt stanslausum höggum bæði frá Kristni og B og annar þeirra verið með eitthvert barefli, en segist ekki vita, hvað það hafi verið, en það verið harður hlutur. Aldrei kveðst hann þó hafa misst meðvitund og getað staðið af sér barsmiðarnar og leikurinn borist um herbergið og upp í rúm. Aðspurður segist hann ekki hafa orðið var við, að barnið var tekið út úr herberginu, en kveðst hafa reynt að fylgjast með því, að leikurinn bærist ekki að barnarúminu, þar sem drengurinn svaf. Segist hann hafa reynt að komast út úr herberginu, þar sem hann hafi ekki vitað, hvort mennirnir voru fleiri en þrír né hvað gengi á frammi í íbúðinni, en Kristinn þá staðið í dyrunum og varnað sér út-

göngu. Segir hann nú barsmíðarnar hafa stöðvast og mennirnir farið fram í íbúðina. Hann kveður sig minna, að hann hafi farið fram á eftir þeim, en segist ekki muna vel, hvað gerðist eftir það, en hafa verið hrakinn aftur inn í herbergið af mönnunum, verið þar barinn niður við rúmið, en reynt að verjast eftir megni. Hafi þeir B og A bæði sparkað í sig og slegið látlaust, en Kristinn þá ekki verið inni í herberginu. Segist hann sennilega að lokum hafa misst meðvitund og ekki muna meira, fyrr en læknir og lögregla komu á vettvang. Aðspurður um það, hvort hann hefði tekið hníf í eldhúsi og beint að Kristni Kristinssyni, segir hann: „Ég man ekki eftir því, að ég hafi verið með hníf í höndunum, en ég var orðinn ofsahræddur og ruglaður eftir barsmíðarnar og farinn að halda, að mennirnir myndu drepa mig og aðra í íbúðinni.““

Í skýrslutöku hjá lögreglu 5. 12. sl. ítrekaði vitnið þátt ákærðu A og B við upphaf átakanna og staðhæfði jafnframt, að þriðji aðilinn, Kristinn, hefði einnig sparkað til sín í herberginu. Í skýrslunni er eftirfarandi skráð:

„Mætti kveðst muna þetta mjög óljóst, en þó að hafa reynt að sjá, hvort sonur sinn væri í barnarúminu, og er hann hafi ekki séð hann, hafi gripið sig ofsahræðsla. Hann segist mikið hafa reynt að komast út úr herberginu til að finna eiginkonu sína, sem hann hélt vera komna heim. Honum er sýndur glerkúpull af borðlampa, sem fannst á gólfi svefnherbergisins, og segist hann kannast við lampann og að hann hafi verið á öðru náttborðinu. Hann segist muna, að hann hafi verið laminn hvað eftir annað í höfuðið með einhverjum hörðum hlut, en hvort það hafi verið þessi lampi, segist hann ekki muna.“

Fyrir dómi kvaðst vitnið hafa hugleitt atburðarásina í svefnherberginu nánar eftir yfirheyrslur lögreglu og ætlað, að um misskilning eða ranghugmynd hefði verið að ræða um þátt þriðja aðilans, ákærða Kristins.

Atvikum máls, eftir að atganginum linnsti í svefnherberginu, lýsti Hlynur Jónsson svofellst í áðurgreindum lögregluyfirheyrslum:

„Hann segist aðeins muna eftir því að hafa staðið upp, eftir að átökum lauk við A og B og þeir farnir út úr herberginu. Hið næsta, sem hann muni, sé, að hann hafi verið á leið út um útidyrnar á eftir mönnunum. Hann kveðst muna eftir að hafa séð Kristin utan við húsið og ráðist á hann, en þá fengið högg aftan á höfuðið. Telur hann sig hafa vankast við höggið, því að hið næsta, sem hann muni, sé, að verið var að bera sig inn ganginn og hann reynt að spyrna hægra fæti í vegg og gólf. Inni í hjónaherberginu segist hann muna eftir að hafa legið úti í horni við ofninn og reynt að verjast höggum, sem hafi dunið á sér.“

Fyrir dómi var frásögn vitnisins í öllu aðalatriðum samhljóða framan-

greindum skýrslum lögreglu, þ. á m. um viðskipti sín við ákærða A á Grillbarnum. Þá rengdi hann það ekki, að hann hefði þar einnig átt í einhverjum útistöðum við ákærðu Kristin Kristinsson og B, og vísaði í því samhengi til minnisglapa vegna áfengisdrykkju. Hann staðhæfði og, að hann hefði vaknað í hjónaherberginu, er ákærðu A og B voru komnir þar inn, og bar, að A hefði þá verið uppi í miðju hjónarúmi, en B þar til hliðar. Vitnið staðhæfði, að ákærði A hefði tekið sig hálstaki, er hann reis upp, en hann engu að síður náð tókum á ákærða B, og þannig hefðu átökin verið með þeim allt frá upphafi. Kveðst hann margoft hafa mátt þola spörk og barsmíðar, þ. á m. í andlit. Hann kvaðst í raun aldrei hafa vitað, hver var tilgangur ákærðu umrædda nótt, og kannaðist ekki við, að þeir hefðu farið fram á, að hann ritaði undir einhvers konar skuldayfirlýsingu. Öll þessi atburðarás hefði því komið sér furðulega fyrir sjónir, en umfram allt hefði hann þó haft áhyggjur af barni sínu og sambýliskonu. Kvaðst hann hafa fundið fyrir logandi hræðslu og verið staðráðinn í því allan tímann „að klóra í bakkann“ og gefast ekki upp fyrir árásarmönnum. Undir lok atgangsins í herberginu kvaðst hann hafa fallið í gólfið og ætlaði, að hann hefði þá rotast. Eftir það átti hann í erfiðleikum með að greina frá atburðum, en kannaðist þó við að hafa átt í stimpingum við ákærða Kristin. Jafnframt staðfesti hann eign sína á hnifi þeim, sem lögregla fann fyrir utan íbúðarhúsið, og rengdi ekki frásögn ákærðu um hnífsburðinn. Hafði hann þá skýringu eina á athæfinu, að hann hefði misst stjórn á gjörðum sínum sökum ofsahræðslu. Hann kannaðist við að hafa staðið andspænis Kristni rétt við útidyr, er hann fékk mikið högg, og kvaðst þá hafa hnigið niður og ekki rankað við sér að nýju í hjónaherberginu, fyrr en ákærðu voru að drösla sér til. Á þeirri stundu kvaðst hann hafa verið mjög vankaður og hnigið í gólfið, er ákærðu slepptu tókum sínum. Eftir það kvaðst hann hafa hlotið spörk og högg í höfuð og líkama og misst meðvitund, en rankað við sér, er lögregla og lækni voru komin á vettvang.

Áverkum sínum lýsti hann í samræmi við fyrirliggjandi áverkavottorð. Hann kvaðst eftir atburðinn hafa verið mjög bólgin um allan líkamann, ekki síst í andliti, og með nokkur brot á þremur framtönnum í neðra og efra gómi, en einnig haft eymsli í kjálka og í úlnlið, hnút í æð á gagnauga, dökka bauga undir augum og eymsli í kinnbeini. Vegna áverkanna kvaðst hann hafa verið með samfelldan höfuðverk tvo sólarhringa og óvinnufær í vikutíma. Fyrir dómi kvaðst hann að mestu hafa náð sér líkamlega, en merki barsmíðanna enn augljós, baugar undir augum, hnútur á gagnauga og eymsli í kinnbeini.

Áverkum Hlyns Jónssonar er nánar lýst í áverkavottorði Hjartar Þ.

Haukssonar, heilsugæslulæknis í Ólafsfirði, sem dagsett er 9. desember 1997, en líkt og áður var rakið, fór lækningin á vettvang aðfaranótt 1. desember sl. Lýsing hans var svofelld í vottorðinu:

„Lögreglan hringdi í undirritaðan 1. 12. 1997 um kl. 5.15 og bað um vitjun, þar sem ráðist hefði verið á Hlyn sofandi á heimili hans af nefndum mönnum. Við komu fáum mínútum síðar liggur Hlynur á maga og hæ. hlið á gólfi í hjónaherbergi, þar sem greinilega höfðu orðið mikil átök. Áfengislykt leggur af vitum, og hann verður æstur fyrst, er byrjað er að tala við hann, en róast fljótlega og getur smám saman tjáð sig. Segir hann á sig hafa verið ráðist sofandi af umgetnum mönnum, kveðst allur vera lurkum laminn, með glóðarauga við megin, eymsli framan við eyra, eymsli í hnakka, hálsi og í baki. Við skoðun er Hlynur nokkuð ölvaður, er með bólgu og mar umhverfis við auga, kveðst aðspurður sjá með því og telur fingur, en ekki er hægt að prófa frekar með öryggi vegna ölvunar. Svolítið hrúfl er fyrir neðan við auga, tveir blettir, sem eru u. þ. b. 1 cm í þvermál hvor um sig. Mikil eymsli eru í beinumgjörð neðan og utan við auga, bólga og hrúfl framan við eyra, hrúfl um 2 cm í þvermál, en bólga 4 cm. Er með þrota og eymsli í nefi og storkið blóð í nösnum og á vörum. Bólguhnútur er í hnakka hæ. megin hvirfils og neðan, um það bil 2 cm í þvermál, sem hefur aðeins sprungið fyrir. Er með rispu þvert yfir háls aftanverðan, sem nær fram undir barkakýli við megin, um 2 mm á breidd, og svolítið hrúfl ofan við þessa rispu alla leið. Þá er hann með þrjá óreglulega roðabletti, rúma 2 cm í þvermál, ofan á við öxl. Hrúfl er yfir við herðablaði, 5 cm á breidd og 12 cm á hæð. Er síðan með samfellt hrúfl frá herðablaði og niður á við síðu, um 12 cm á lengd og 16 cm á breidd. Þá er hann með tvo roðabletti, rúml. 1 cm í þvermál, ofan á við hæ. öxl. Er með hrúfl á við herðablaði ofarlega, 3×5 cm, og neðarlega, ca. 5×5 cm. Er síðan með nær samfellt hrúfl frá neðri brún hæ. herðablaðs og niður undir mjadmarspaða, grunnt og óreglulegt. Er með bólgu í húð yfir ca. II. lendarlið, sem er 2×5 cm, með djúpri rispu í miðju. Er með hrúfl hæ. megin framan á brjóstakassa, ca. 2–3 cm í þvermál. Þá er hann blóðrisa á svæði, ca. 2×5 cm, á mótum læris og rasskinnar hæ. megin. Þá er hann með hrúfl á báðum hnjám, við megin 1 cm í þvermál og hæ. megin heldur minna. Er með hrúflsár yfir nærlið hæ. löngutangar, handarbaks megin, u. þ. b. 1 cm í þvermál.

Við nýja skoðun sama dag kl. 15.30 kvartar Hlynur um slæman höfuðverk og kveðst sjá lítið með við auga fyrir bólgu. Til viðbótar segir hann framtönn no. 1 hæ. megin í neðra gómi hafa brotnað innanvert, og þá sé hann með mar á við olnboga og ofan á við rist. Við skoðun er hann kominn með mikla bólgu umhverfis bæði augu, en getur lesið smæsta texta með báðum augum hvoru um sig. Þá kemur í ljós, að flísast hefur smávegis inn-

an af fyrrnefndri tönn. Er með hrúfl aftan á hæ. olnboga, ca. 2–3 cm í þvermál.

Hlynur er síðan sendur af undirrituðum í röntgenmyndir af háls hrygg og andlitsbeinum 2. 12. á röntgendeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Ekki var að sjá nein áverkamerki á beinum að sögn röntgenlæknis. Hlynur hefur síðan sb. við undirritaðan sex dögum síðar og kveðst þá alltaf fá verki í vi. úlnlið, ef hann reyni eitthvað að beita honum. Við skoðun 9. 12. er ekki að finna neinar hreyfihindranir í vi. úlnlið, en fær verki í lok réttingar og beygingar í úlnliðnum. Ráðgeri að sjá til með frekari rannsóknir á úlnliðnum.

Í samantekt er hér um að ræða 26 ára gamlan karlmann, sem segir, að ráðist hafi verið á sig svolíttilli stundu áður en undirritaður sá hann fyrst. Saga og endurtekin skoðun benda eindregið til þess, að hann hafi á nefndum tíma lent í miklum átökum og heppni ein ráðið, að ekki fór verr. Er áfram með eymsli vi. megin á enni, undir og utan vi. auga og í vinstri úlnlið. Ekki er hægt að sinni að segja, hvort hann hlýtur einhver varanleg mein af þessari meintu líkamsárás.“

Þá liggur fyrir í málinu vottorð læknisins frá 19. 3. sl. vegna áverka Hlyns, og er það svohljóðandi:

„Hlynur kveðst engan veginn hafa náð sér ennþá eftir árásina 1. 12. 1996, kveðst áfram vera með fyrirferðir í húð á enni og vi. gagnauga. Þá kveðst hann vera með mar undir báðum augum, sem ekki hefur lýst, fá smell og eymsli í vi. kjálkalið, þegar hann liggur á hæ. hlið og opnar munninn. Kveðst hann hafa farið til Bessa Skírnissonar, tannlæknis á Akureyri, að ráði undirritaðs. Upplýsti Bessi við skoðun strax eftir áverka, að hann væri með kvarnað upp úr þremur tönnum, auk þess kvarnað upp úr postulínskrónu. Kvartar enn fremur um, að hann fái ónot í vi. úlnlið við mikil átök. Við síðustu skoðun í lok febrúar var hann með mjúkar fyrirferðir á enni vi. megin og vi. gagnauga, sem voru rúmur 1 cm í þvermál, en í miðju þessara fyrirferða var harður kjarni, ca. 3–4 mm í þvermál. Þá var hann með dökk-an lit í húð á vi. gagnauga neðan þessarar fyrirferðar og einnig dökk-an lit í húð undir báðum augum, sem gæti samrýmst járnútfellingum eftir mar á viðkomandi svæði. Fær eymsli í vi. kjálkalið, þegar hann spennir kjálka til hliðar á móti átaki, væg eymsli við þreifingu yfir vi. kjálkalið. Ekki er að finna nein eymsli yfir vinstri úlnlið. Í samantekt er Hlynur áfram með lýti á höfði og í andliti eftir meinta árás 1. 12. Einnig kvartar hann um verki frá vi. kjálkalið og vi. úlnlið. Tannlæknir fann fersk áverkamerki á tönnum, sem þurftu lagfæringar við. Hlynur var með öllu óvinnufær frá 1. 12. til 8. 12. 1996. Undirritaður treystir sér, enn sem komið er, ekki til að segja til um, hvort hann hljóti einhver varanleg mein eftir þessa meintu árás.“

Fyrir dómi hefur Hjörtur Þ. Hauksson staðfest læknisverk sín svo og þær ljósmyndir, sem hann tók við komu á vettvang og fyrir liggja í málinu. Vitnið bar, að áverkar Hlyns Jónssonar hefðu fyrsta hálfu sólarhringinn litið mjög alvarlega út, og staðhæfði, að Hlynur hefði greinilega verið með snert af heilahristingi. Vitnið kvað einkennin þó fljótlega hafa gengið til baka og meðferð eftir það gengið vel og Hlynur jafnað sig á u. þ. b. vikutíma. Vitnið staðfesti, að Hlynur bæri þó enn merki barsmíðanna, væri með járnútfellingar í húð undir augum, kúlu á vinstra gagnauga, brot í þremur tönnum, en auk þess kvaðst vitnið nýlega hafa fundið slit á liðböndum í vinstri úlnlið hans.

Samkvæmt gögnum málsins skoðaði áðurnefndur læknir m. a. að beiðni lögreglunnar í Ólafsfirði ákærðu Kristin Kristinsson og B 1. desember sl. Vottorð um hinn fyrrnefnda er svohljóðandi:

„Um kl. 5.15 aðfaranótt sunnudagsins 1. 12. 1996 var hringt í mig undirritaðan frá Ólafsvegi 13 hér í bæ og beðið um, að ég kæmi til að líta á Kristin, því að hann væri með stórt sár á kvið. Ekki hafði hann beðið um þetta sjálfur, en fólk, sem var þar með honum í veislu, taldi slíkt nauðsynlegt. Undirritaður kemur þangað tæplega hálfri klukkustund síðar, því að hann var á sömu mínútu kallaður í aðra vitjun. Þá var Kristinn mjög ölvaður og nokkuð viðskotaillur og vildi ekkert tjá sig um, hvernig þetta sár hefði til komið. Lögreglan flutti hann á heilsugæslustöðina. Þar segist hann hafa fengið hníf í kviðinn, en vill ekkert útskýra það nánar. Við skoðun var hann með skurðsár, u. þ. b. 4 cm á lengd, 10 cm utan nafla, er undir ca. 45 gráðu horni, nær miðju neðst, er tæpur 0,5 cm á dýpt, skálaga niður á við, ca. 60 gráðu horn, grynna til beggja enda. Sárið var þrifið, deyft og saumað auðveldlega. Neðan við sár var húðrispa, u. þ. b. 5 cm á lengd, með nærri sömu stefnu, en þó örlítið láréttari. Þá var hrufll á hæ. hendi, tæpur 1 cm í þvermál, á milli hnúa IV. og V. fingurs, handarbaks megin. Kristinn nefndi aðeins sárið á kvið, en kvartaði ekki um annað. Við skoðun í dag, 6. 12., er sár gróid og lítur vel út, en áfram er hrufll á milli IV. og V. hnúa hæ. megin, en er að gróa. Engin teikn eru um, að skaði hafi orðið dýpra í kviðnum.“

Læknirinn staðfesti vottorðið fyrir dómi og bar, að greinilegt hefði verið, að áverkinn hefði verið eftir eggvopn. Vitnið kvaðst hafa saumað fimm spor í sárið, en vísaði til þess, að í raun hefði verið um smáskurð eða skinnsprettu að ræða, og bar, að sjúklingur hefði náð fullum bata.

— — —

Líkt og áður var lýst, voru vitnin J og T við barnsgæslu að Ægisbyggð 4 aðfaranótt 1. desember sl. Var vitnisburður telpanna samhljóða að því leyti, að þær kváðu húsráðanda, Hlyn Jónsson, hafa staldrað stutt við í stofunni við heimkomu, en farið inn í hjónaherbergið, þar sem sonur hans hefði verið sofandi.

Vitnið J lýsti atvikum máls nánar í lögregluskýrslu svofellt:

„J segir, að skömmu síðar hafi verið barið og hún farið til dyra, þar sem hún taldi, að systir sín væri að koma heim. Er hún hafi opnað dyrnar, hafi þeir A, B og Kristinn Kristinsson staðið fyrir utan. Hafi þeir spurt, hvar Hlynur væri, og kveðst hún hafa sagt þeim, að hann væri sofandi. Þeir hafi þá spurt, í hvaða herbergi hann væri, en hún sagt við þá, að hún vildi frekar ná í Hlyn en þeir færu inn í herbergið. Hefðu þeir þá ruðst inn ganginn og á eftir sér að hjónaherberginu. Hefðu þeir B og A farið inn í hjónaherbergið, en ekki segist hún gera sér alveg grein fyrir því, hvar Kristinn var. Segist hún hafa hlaupið fram ganginn, og hafi þá T verið staðin upp úr sófanum, og segist hún hafa kallað í hana: „Viltu ná í E.“ Kveður hún T hafa hlaupið inn í hjónaherbergið, náð í E, sem svaf í barnarúmi við hjónarúmið, og komið með hann fram í stofu. Þar hafi þær sest í sófann og Kristinn líka. Hafi þær verið mjög hræddar og lítið getað gert, þar sem Kristinn hafi verið þar hjá þeim og búinn að hóta þeim, ef þær hringdu í lögreglu. Hafi þær margbeðið Kristin að fara inn og biðja A og B að koma út, en þeir ekki sinnt því. Þá hafi þær verið búnar að heyra læti inni í hjónaherberginu, eins og einhverju væri slegið utan í skáp. Þeir hafi svo síðan komið fram, og hafi þá A hótad þeim, að ef þær hringdu á lögreglu, myndu þeir kála Hlyni. Segir hún Hlyn þá hafa komið á eftir þeim fram í stofu og sagt við sig: „J mín, viltu hringja á lögreglu.“ Þá hafi þeir félagar sagt: „Hvað sagði hann?“ Kvaðst hún þá hafa sagt: „Hann sagði, að ég mætti ekki hringja á lögreglu.“ Hafi þeir félagar síðan farið út og Hlynur á eftir þeim. Skömmu síðar hafi þeir komið inn aftur og Kristinn sagt: „Hann skar mig.“ Hafi hann lyft upp skyrtunni og þær séð smásár á maga hans. Þeir A og B hafi farið á eftir Hlyni inn í hjónaherbergið og haldið áfram að lúskra á honum. Síðan hafi þeir farið út. Ekki segist hún hafa séð Hlyn taka hníf í eldhúsinu og ekki vitað, hvað af hnífnum varð. Þær hafi síðan hringt í bróður J, þar sem þær hafi ekki þorað að hringja í lögreglu.“

Fyrir dómi kvaðst hún hafa farið ein til dyra, er barið var, og í fyrstu ekki þekkt komumenn. Kvaðst hún í tvígang hafa sagt þeim, að þeir gætu ekki haft tal af húsráðanda, sökum þess að hann væri sofandi, og í síðara sinnið bætt því við, að hún skyldi athuga, hvort hún gæti vakið hann, og gengið í átt að hjónaherberginu, en þá orðið þess áskynja, að ákærðu gengu inn í húsið og fylgdu sér eftir. Kvaðst hún þó aldrei hafa boðið ákærðu inn í húsið og auk þess tekið það skýrt fram við þá, að þeir mættu ekki fara inn í svefnherbergið vegna barnsins, er þar væri sofandi.

Fyrir dómi kvaðst vitnið hafa opnað svefnherbergisdyrnar og kallað til Hlyns, þar sem hann lá í rúminu, en ekkert svar fengið. Hefði ákærði B þá

gengið inn í herbergið og A fylgt á eftir. Kvaðst hún hafa fylgst með því, er B fór að rúminu og hristi Hlyn harkalega til með þeim afleiðingum, að hann féll í gólfið. Kvaðst hún þá hafa orðið hrædd og hlaupið út úr herberginu. Hefði ákærði Kristinn þá staðið í dyragættinni. Kvaðst hún hafa óskað eftir því við T, að hún færi inn í herbergið og næði í barnið. Eftir það kveðst hún hafa setið og T með barnið ásamt ákærða Kristni í stofunni. Kvaðst hún stöðugt hafa heyrt hávaða og læti frá hjónaherberginu og af þeim sökum margoft farið fram á það við ákærða Kristin, að hann færi með félagu sína út úr húsinu. Að nokkrum tíma liðnum kvað hún ákærða A hafa komið fram og beðið um blað og penna, en að því búnu horfið aftur inn í herbergið. Staðhæfði hún, að ákærði Kristinn hefði allan þann tíma, er félagar hans höfðust við í hjónaherberginu, setið rövlandi yfir þeim vinkonunum í stofunni, en þó skilist á orðum hans, að Hlynur hefði eitthvað gert þeim félögum. Vegna alls þessa kvaðst hún hafa fundið til mikillar hræðslu, og vegna viðveru Kristins taldi hún sig ekki hafa haft tækifæri til að komast í síma og kalla á aðstoð. Fyrir dómi bar hún, að ákærði Kristinn hefði í sjálfu sér ekki komið illa fram við þær stöllur og m. a. tekið þátt í því að leita að bleiu á barnið svo og farið að orðum þeirra um að reykja ekki í nálægð við það.

Frásögn T fyrir lögreglu var með svipuðum hætti og vitnisins J, þ. á m. um, að þær stöllur hefðu haldið áfram að horfa á sjónvarp, eftir að Hlynur hafði lagst til hvílu, og að J hefði ein tekið á móti ákærðu, er þeir knúðu dyra á heimilinu. Þá kvaðst vitnið hafa heyrt ákærðu spyrja J eftir húsráðanda og svo er J svaraði: „Bíðið þið, ég ætla að ná í hann.“ Síðan kvaðst hún hafa séð ákærðu hlaupa inn ganginn í átt að hjónaherberginu. Kvaðst hún vel hafa greint orðaskil og m. a. heyrt J hafa orð á því, að hún vildi ekki, að ákærðu vektu barn húsráðanda. Framhaldinu lýsti vitnið svofellt í skýrslu hjá lögreglu, sem dagsett er 1. 12. 1996.

T segir, að þeir hafi ekki sinnt þessu og vaðið inn. Hafi B og A farið rakleitt inn í hjónaherbergið, en Kristinn stansað í ganginum, þar sem gengið er inn í eldhús og stofu. Segir hún J hafa verið á ganginum á svipuðum stað og Kristinn og kallað: „T, viltu ná í E!“ Kveðst hún hafa hlaupið fram hjá Kristni inn í hjónaherbergið og náð í E, sem var sofandi í barnarúminu, sem stóð við hjónarúmið, tekið hann úr rúminu og hlaupið með hann fram í stofu. Kvaðst hún hafa séð, er hún var að fara til baka með barnið úr hjónaherberginu, að þeir A og B voru byrjaðir að berja Hlyn, þar sem hann stóð fyrir aftan hjónarúmið. Segist hún ekki gera sér alveg grein fyrir því, hvort A var með eitthvað í höndum, sem hann barði Hlyn með, en halda, að hann hafi verið með spýtu. Segist hún hafa forðað sér út úr herberginu og

fram í stofu með barnið, og hafi það þá verið vaknað. Hún hafi sest í horn-sófa fyrir framan sjónvarpið með barnið og J einnig verið komin fram í stofuna, þegar hún kom fram með E. Kveður hún Kristin einnig hafa sest í sófann og sagt við þær: „Þið megið ekki hringja á lögreglu. Þá drepum við Hlyn.“

Fyrir dómi staðfesti T ofangreinda frásögn og taldi, að ekki hefði liðið nema u. þ. b. hálf mínúta, frá því að J kom út úr hjónaherberginu, þar til hún fór sjálf þar inn og náði í barnið. Kvaðst hún hafa stokkið til, hlaupið inn í hjónaherbergið, þrifið barnið upp úr barnarúminu og hlaupið út. Kvaðst hún því einungis hafa verið nokkrar sekúndur í herberginu, en engu að síður séð út undan sér, hvar ákærðu A og B svo og Hlynur stóðu upp-réttir við gafl hjónarúmsins. Hefði mikil hreyfing verið á mönnunum og há-reysti. Þá kvaðst hún hafa séð, að ákærði A hélt á spýtu, og virst sem hann væri að berja á Hlyni. Kvaðst hún svo hafa heyrt nær stöðugan hávaða og dynki frá svefnherberginu, sem þó hefði dregið úr, er frá leið. Þá kvaðst hún og hafa heyrt einstaka setningar frá ákærðu, þ. á m.: „Það abbast eng-inn upp á okkur.“ Vitnið kvað þær stöllum hafa haldið sig í stofunni, meðan á þessu gekk, en margoft farið fram á það við ákærða Kristin, að hann færi til félaga sinna og stöðvaði atganginn. Hefði ákærði Kristinn nokkrum sinn-um farið að orðum þeirra, en jafnharðan komið aftur með þeim orðum, að þessu væri að verða lokið. Vitnið kvað ákærða Kristin nær alltaf hafa verið yfir þeim í stofunni, og af þeim sökum taldi hún sig ekki hafa haft tækifæri til að ná í aðstoð eða hringja á lögreglu. Kvað hún allt tal ákærða Kristins hafa verið ruglingslegt, en þó kvaðst hún hafa skilið orð hans þannig, að ef þær stöllum tilkynntu lögreglu um atburðinn, myndu þeir félagarnir koma aftur og berja Hlyn enn frekar. Fyrir dómi kvaðst hún enn fremur hafa skil-ið orð Kristins á þann veg, að hann væri í stofunni hjá þeim í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, að þær gætu kvatt til aðstoð í síma. Vegna alls þessa kvaðst hún hafa verið mjög óttaslegin, og lýsti hún ástandinu nánar þannig hjá lögreglu:

„T segir, að þær J hafi ekkert getað annað en setið kyrrar í sófanum. Kristinn hafi ætlað að fara að reykja þarna inni, en honum verið bent á, að það væri bannað, og hafi hann því hætt við að fá sér sígarettu. Þá hafi B komið fram og sagt: „Látið þið mig hafa blað og penna.“ Þær hefðu fengið honum penna og blað og hann farið með það inn í hjónaherbergið, en ekki segist hún hafa vitað, hvað hann ætlaði að gera með blað og penna. Hafi þær endurtekið við Kristin, hvort þær gætu ekki farið að fara. Hafi hann þá farið inn í hjónaherbergið, og skömmu síðar hafi þær A, B og Kristinn komið fram. A hafi komið æðandi til þeirra og sagt: „Þið hringið ekkert í

lögguna. Ef þið gerið það, þá er Hlynur dauður.“ Hafi þá Kristinn sagt: „Ég er búinn að segja þeim það.“ Segir hún A hafa verið miklu æstari en B og Kristin, og hafi hún verið mjög hrædd við hann, því að hann hafi verið mjög alvarlegur á svip og vís til að gera, hvað sem var.“

Fyrir dómi áætlaði vitnið, að atgangur ákærðu að Ægisbyggð 4 umrædda nótt hefði varað í um eina og hálf klukkustund.

Líkt og að framan var rakið, voru ákærðu handteknir að morgni 1. desember sl. Var ákærði Kristinn Kristinsson yfirheyrður 2. desember frá kl. 2.05 til 2.30, en við yfirheyrsluna vísaði hann til mikillar ölvunar umrædda nótt. Hann kannaðist við að hafa verið á veitingastaðnum Grillbarnum og lent í smávegis rýsingum við Hlyn Jónsson fyrir utan staðinn, en minntist þess ekki, að meðákærði B hefði skipt sér af málum. Sökum minnisglapa gat ákærði ekki gert grein fyrir ferðum sínum, eftir að hann fór frá veitingastaðnum og allt þar til hann átti í útistöðum við Hlyn Jónsson fyrir utan íbúðarhúsið að Ægisbyggð 4. Var frásögn ákærða svofelld:

„... og þar hafi Hlynur Jónsson verið með hníf og reynt að stinga A með honum, en segist hafa lent fyrir hnífnum og fengið skurð á maga. Segist hann muna eftir því að hafa slegið Hlyn með krepptum hnefa í andlit þarna fyrir utan húsið og segist telja, að Hlynur hafi verið sleginn niður þarna úti. Eftir það hafi málin tekið nýja stefnu og Hlynur verið laminn og í hann sparkað af þeim félögum öllum, sér, A og B, án þess að hann kæmist á fætur. Kveðst hann ekki muna eftir því, hvort Hlynur hafi verið með meðvitund, þegar hann var borinn inn í íbúðina eftir barsmíðarnar. Telur hann sig ekkert muna frekar um ferðir sínar, fyrr en hann vaknaði í fangageymslum lögreglunnar.“

Ákærði Kristinn Kristinsson staðfesti framangreinda frásögn fyrir dómi, en gat sem fyrr ekki greint frá veru sinni í íbúðarhúsinu að Ægisbyggð 4, og hefði ekki rofað til í minni sínu, fyrr en hann varð fyrir hnífi Hlyns Jónssonar við íbúðarhúsið. Við atlöguna kvaðst hann hafa umturnast og viðurkenndi að hafa slegið Hlyn í andlitið. Ákærði kvað áverka sinn á kviði hafa gróið á u. þ. b. mánuði, og ekki kvaðst hann hafa misst úr vinnu.

Ákærði B bar við yfirheyrslu hjá lögreglu, að hann hefði aðfaranótt 1. desember hafst við á Grillbarnum ásamt meðákærðu og eftir lokun staðarins gengið á milli meðákærða Kristins og Hlyns Jónssonar, þar sem þeir voru í einhverjum stælum. Vegna þessara afskipta og tilverknadar Hlyns kvaðst hann hafa fallið og þá hlotið meiðsli á fingri og hægra fæti. Frekari afskipta kvaðst hann ekki hafa haft af Hlyni við veitingastaðinn, en kannaðist hins vegar við að hafa átt frumkvæði að því, að þeir félagarnir fóru á heimili hans í því skyni að fá hann til að rita undir skuldayfirlýsingu vegna

mögulegs tekjutaps vegna áðurgreindra áverka. Í skýrslu sinni hjá lögreglu lýsti ákærði B atvikum máls nánar svo:

„B segir, að er þeir félagar komu að húsinu Ægisbyggð 4, hafi Kristinn knúið þar dyra og stúlka komið til dyranna. ... Hafi þeir félagar spurt eftir Hlyni, en stúlkan sagt hann sofandi. Ekki segist hann muna til þess, að stúlkan hafi bannað þeim að koma inn í húsið. Hafi Kristinn haft orð fyrir þeim félögum. Sjálfur hafi hann ásamt A farið inn ganginn og inn í hjóna-herbergið, þar sem Hlynur lá sofandi í hjónarúminu, en Kristinn orðið eftir frammi í ganginum, þar sem gengið er inn í stofuna og eldhúsið. Og er Hlynur hafi vaknað og séð A, hafi hann ráðist á hann. Hafi áflog þá byrjað og borist um herbergið. Kveðst hann muna eftir að hafa slegið Hlyn mörg högg með kreptum hnefa í andlitið, svo að hann hafi strax fengið glóðar- augu, blóðnasir og sprungnar varir. A hafi einnig slegið Hlyn í andlitið. Í átökunum hafi hjónarúmið brotnað og gluggatjöld rifnað. Eftir að þeir A hefðu barið Hlyn um stund, hefðu þeir farið út úr herberginu og fram í stofu, þar sem Kristinn var og stúlkurnar tvær. Hlynur hafi einnig komið fram og fyrst farið inn á baðherbergi og síðan í eldhúsið og komið þaðan aftur með flökunarhníf, sem hafi verið með mjóu blaði. Segist hann þá hafa tekið til fótanna út úr húsinu og hlaupið alla leið út á götu og því ekki séð, hverju fram fór inni í íbúðinni. ... Aðspurður segist hann ekkert muna, hvað gerðist fyrir utan íbúðina að Ægisbyggð 4, þegar Hlynur kom þaðan út með hnífinn. Þó muni hann eftir einhverjum átökum á lóðinni fyrir fram- an húsið, en ekkert geta sagt um, hverjir þar áttust við. Kveðst hann muna eftir því, þegar hann var inni í húsinu, en síðan ekkert, fyrr en þeir félagar voru á leið út í bæ frá Ægisbyggð 4.“

Við yfirheyrsluna kannaðist hann við að vera eigandi úrs, er lögreglu- menn fundu í svefnherberginu að Ægisbyggð 4.

Fyrir dómi ítrekaði B tildrög þess, að þeir félagar fóru að heimili Hlyns Jónssonar að Ægisbyggð 4, en andmælti, að þeir hefðu ruðst inn á heimilið, heldur kvað hann þá félagana hafa gengið inn í húsið, er opnað var fyrir þeim. Hefði þeim í raun hvorki verið meinaður aðgangur né boðið inn. Hann kannaðist við að hafa farið rակleitt inn í svefnherbergið, og hefði Hlynur þegar vaknað við komu þeirra, stökkið upp úr rúminu á nærbuxun- um einum fata og ráðist að A, þar sem hann stóð í dyragættinni. Ákærði áætlaði, að átökin í herberginu hefðu staðið yfir í 5–10 mínútur með hléum. Kvaðst hann stundum hafa tekið Hlyn tökum og haldið honum föstum og þá reynt að ræða við hann og fá hann til að rita undir skuldayfirlýsinguna. Hann viðurkenndi að hafa kýlt Hlyn nokkrum sinnum og að atganginum í herberginu hefði ekki lokið, fyrr en Hlynur hafði fallist á að rita undir

yfirlýsinguna. Fyrir dómi taldi ákærði, að Hlynur hefði hætt andstöðu sinni, er honum varð ljóst, að hann réð ekki við þá félagana. Þá hefur ákærði borið, að hann hafi týnt margnefndri skuldaviðurkenningu, sem Hlynur Jónsson ritaði undir umrædda nótt.

Fyrir dómi hefur ákærði B staðhæft, að meðákærði Kristinn hafi ekkert blandað sér í átökin í svefnherberginu. Jafnframt kvaðst hann ekki hafa séð það, er Hlynur beitti hnífnum gegn Kristni fyrir utan íbúðarhúsið, en séð áverkann og þá misst stjórn á skapi sínu og ráðist að Hlyni með spörkum og höggum líkt og félagar hans, ákærðu A og Kristinn. Taldi ákærði, að hann hefði barið og sparkað til Hlyns a. m. k. tíu sinnum og Hlynur þá hlotið helstu áverka sína. Hefði viðskiptum þeirra við Hlyn Jónsson lokið þannig, að þeir félagar hefðu dregið hann aftur inn í svefnherbergið og síðan skilið við hann kjókrandi. Taldi hann, að þeir félagar hefðu dvalist á heimili Hlyns í a. m. k. hálfra klukkustund.

Ákærði B kvaðst fyrir dómi hafa verið undir verulegum áhrifum áfengis umrædda nótt. Hann kannaðist ekki við að hafa veitt því athygli, að barn var í svefnherberginu við komu þeirra. Ekki kvaðst hann hafa hlotið aðra áverka í átökunum að Ægisbyggð 4 en smááverka á hálsi. Fyrir greindan atburð kvaðst hann ekki hafa þekkt Hlyn Jónsson og því ekkert átt sökótt við hann.

Ákærði A staðhæfði fyrir dómi líkt og í yfirheyrslu hjá lögreglu, að hann hefði hitt Hlyn Jónsson á Grillbarnum aðfaranótt 1. desember sl. og þar án ástæðu hlotið frá honum hnefahögg í andlitið. Ákærði staðhæfði, að barsmið Hlyns hefði engin eftirmál haft og atburðir þeir, er síðar gerðust, því ekki verið í tengslum við hegðan Hlyns á veitingastaðnum. Hins vegar hefði hann verið á þvælingi með meðákærðu, B og Kristni, er hinn fyrrnefndi stakk upp á því, að þeir færu að Ægisbyggð 4. Á leið þangað kvaðst ákærði hafa tekið með sér prik. Í lögregluskýrslu, sem tekin var af ákærða 2. desember sl., lýsti hann atvikum máls nánar svofellt:

„A segist telja, að hann, B og Kristinn hafi farið að heimili Hlyns með því hugarfari að sýna honum, hvað framkoma hans á veitingastaðnum myndi kosta. Segir hann þá hafa farið að heimili Hlyns og barið þar að dyrum. Út hafi komið einhver stúlka. Hafi þeir allir farið inn í íbúðina, þegar dyrnar voru opnaðar, og hann með B rakleitt inn ganginn og inn í hjóna-herbergið, þar sem Hlynur lá sofandi í hjónarúminu. Kristinn hafi orðið eftir á ganginum. Aðspurður segist hann ekki muna eftir að hafa séð barn hjá stúlkunum í stofunni. Hafi þeir B vakið Hlyn, sem strax hafi orðið hinn versti, og áflog hafist. Hafi bæði hann og B slegið Hlyn mörg högg í andlit og víðar, svo að á honum hafi séð, bæði glóðarauga og sprungnar varir.

Segist hann hafa verið með spýtuna, sem fannst í herberginu og honum hefur verið sýnd, og notað hana til að berja á Hlyni. Mikið hafi gengið á í herberginu, rúmið brotnað og gluggatjöld rifnað. Hafi þeir B síðan farið út úr herberginu og fram á ganginn við stofuna, þar sem Kristinn var, og kveðst hann muna eftir því að hafa sagt eitthvað við stúlkurnar, sem þar voru, en ekki muna hvað. Hafi Hlynur þá komið fram úr herberginu og farið inn í eldhús og komið þaðan aftur með hníf í hendi. Hafi Hlynur aðeins verið á nærbuxunum, eins og hann var, þegar komið var að honum í rúminu. Segist hann strax hafa farið út á eftir félögum sínum, en ekki muna nákvæmlega eftir því, hvað við tók, er út kom, nema hann hafi tekið einhvern hlut með sér, lampa eða eitthvað, og komið aftan að Hlyni fyrir utan húsið og slegið hann í höfuðið, svo að hann féll á jörðina. Þó segist hann ekki muna nákvæmlega, hvort Hlynur og Kristinn voru standandi eða hvort þeir voru í einhverjum átökum á jörðinni, þegar hann kom út. Einhver viðureign hafi síðan orðið, er þeir og Kristinn reyndu að ná hnífnum af Hlyni, en hann hafi komist á fætur og þá sveiflað hnífnum í átt að sér, en Kristinn orðið fyrir og fengið skurð á kviðinn. Segist hann þá hafa náð að slá Hlyn aftur í jörðina með þessum hlut, sem hann var með í hendinni, og eftir það allt farið úr böndunum og að hann, B og Kristinn þá barið og sparkað í Hlyn í einhverja stund, þar sem hann lá á jörðinni, en þó verið með meðvitund, á meðan á barsmiðunum stóð, en aldrei haft tækifæri til að standa á fætur. Segist hann ekki geta sagt um, hversu oft Hlynur var laminn eða í hann sparkað, en ekkert hafi verið dregið af höggunum. Aðspurður um, hvað orðið hafi af hnífnum, segist hann ekki geta sagt um það, en hann hljóti að hafa orðið eftir á lóðinni. Að lokum hafi Hlynur verið dreginn á fætur og borinn inn í húsið, en ekki kveðst hann muna, hvar hann var skilinn eftir. Síðan hafi hann og þeir B og Kristinn farið úr íbúðinni og að Ólafsvegi 13. Þar hafi Kristinn fengið að hringja á lækni, en sjálfur segist hann hafa farið með B að Kirkjuvegi 16. Ekki kveðst hann geta gefið skýringar á framferði sínu í þessu máli.“

Fyrir dómi minntist ákærði A þess ekki, hvort þeir félagarnir hefðu barið að dyrum eða hringt dyrabjöllu á heimili Hlyns Jónssonar eða hvort báðar eða einungis önnur telpan hefði komið til dyra, en fullyrti hins vegar, að telpurnar hefðu ekki hindrað för þeirra inn í íbúðina, og kannaðist auk þess ekki við, að þær hefðu sýnt á eindreginn hátt, að þeir félagar væru óvelkomnir í húsinu. Ákærði kvaðst ásamt meðákærða B hafa farið rակleitt inn í svefnherbergið til Hlyns, og var frásögn ákærða af áflogunum í svefnherberginu, brottför þeirra félaga út úr húsinu og atganginum utan dyra í öllum aðalatriðum samhljóða skýrslu hans fyrir lögreglu. Þá staðhæfði ákærði,

að hann hefði ekki farið á brott úr svefnherberginu ásamt B, fyrr en þeir höfðu í raun neytt Hlyn til að rita undir margnefnda skuldaviðurkenningu.

Fyrir dómi kvaðst ákærði A ekki hafa séð ungbarn í herbergi Hlyns Jónssonar við komu þeirra. Þá kvaðst hann ekki hafa séð það, er félagi sinn, Kristinn, fékk áverka á kvíðinn, einungis séð sárið, en við þá sýn kvaðst hann hálfvegis hafa truflast af reiði og hræðslu og eftir það gengið í skrokk á Hlyni með spörkum og höggum líkt og félagar sínir, meðákærðu B og Kristinn. Að dómi ákærða hlaut Hlynur verstu ákomurnar í þessum síðasta atgangi, og er honum linnti, kvaðst ákærði hafa dröslað Hlyni aftur inn í íbúðarhúsið. Ákærði kvaðst enga áverka hafa hlotið umrædda nótt.

Vitnið Arnþór Guðjón Benediktsson verkamaður, fæddur 1975, kvaðst fyrir dómi hafa séð Hlyn Jónsson slá til ákærða A á Grillbarnum aðfaranótt 1. desember sl. og jafnframt fylgst með smáryskingum þeirra í milli þar á eftir. Síðar um nóttina kvaðst vitnið enn fremur hafa veitt því athygli, hvar Hlynur var að argast í ákærðu fyrir utan veitingastaðinn. Ekki kvaðst vitnið hafa fylgst grannt með þessum atgangi, en þó því, er lögregla kom á vettvang og fjarlægði Hlyn. Loks kvaðst vitnið hafa séð á heimili vinar síns, ákærða B, 2. desember sl. handskrifaðan miða með undirritun Hlyns Jónssonar, er staðfesti, að hann ætlaði að greiða tiltekið vinnutap B vegna ryskinga þeirra margnefnda nótt.

Við aðalmeðferð máls komu fyrir dóm þeir lögreglumenn, er unnu að rannsókn málsins, og staðfestu verk sín, þ. á m. frumskýrslu og ljósmyndir. Samkvæmt vætti þeirra voru ákærðu svo og Hlynur Jónsson mjög ölvaðir umrædda nótt. Það var og mat lögreglumannanna, að telpurnar T og J hefðu verið í miklu uppnámi við komu þeirra á vettvang.

Niðurstaða.

Í máli þessu er upplýst, að ákærðu og Hlynur Jónsson hittust á veitingastað í Ólafsfirði aðfaranótt 1. desember 1996. Allir voru þeir ölvaðir, en kynni með þeim harla lítil. Af framburði aðila verður það og lagt til grundvallar, að til smávægilegra ýfinga hafi komið með Hlyni og ákærðu og ákærði B vegna þeirra fengið þær ákomur, sem lýst er í áverkavottorði heilsugæsluláknis. Ekkert verður þó fullyrt frekar um tilkomu áverka hans. Á hinn bóginn er upplýst, að ýfingar þessar urðu tilefni ferðar ákærðu á heimili Hlyns Jónssonar síðar um nóttina.

Ákærðu B, A og Kristinn hafa neitað sakargiftum svo og heimfærslu til 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Með vætti vitnanna J og T er að mati dómsins upplýst, að er ákærðu knúðu dyra að Ægisbyggð 4, hafi húsráðandi, Hlynur Jónsson, svo og átta

mánaða gamall sonur hans verið sofandi í hjónaherberginu á heimilinu. Samkvæmt framburði J, er stoð hefur í framburði T, var ákærðu strax við komu greint frá ástandi húsráðanda, ekki boðið inn í íbúðarhúsið, en sagt að bíða utan dyra. Að mati dómsins er framburður stúlkanna trúverðugur, en frásögn ákærðu að þessu leyti hins vegar þokukennð. Að þessu virtu og með hliðsjón af því, að ákærðu þekktu ekkert til heimilisfólks að Ægisbyggð 4, þykir nægilega sannað, að ákærðu hafi ruðst í heimildarleysi inn á heimili Hlyns Jónssonar, líkt og lýst er í ákæru. Varðar háttsemi þeirra allra við 231. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu B og A hafa allt frá upphafi lögreglurannsóknaðar viðurkennt að hafa farið rakleitt inn í hjónaherbergið að Ægisbyggð 4 og veist þar saman að Hlyni Jónssyni með mörgum hnefahöggum. Þá hefur ákærði A auk þess staðhæft, að hann hafi slegið til Hlyns með priki. Samkvæmt vætti áður nefndra stúlkna veittust ákærðu að Hlyni, nær um leið og þeir höfðu farið inn í herbergið. Að mati dómsins er það því vafalaust, að ákærðu A og B áttu upptökin að átökunum í svefnherberginu, og samkvæmt eigin frásögn ákærðu, sem einnig hefur stoð í framburði nefndra vitna, létu þeir ekki af barsmiðinni, fyrr en þeir höfðu þvingað húsráðanda til að rita undir skulda- viðurkenningu, sem var tilefni komu þeirra. Ákærðu A og B hjálpuðust þannig að við verknaðinn í svefnherberginu, og verður ekki gerður greinarmunur á þætti hvors um sig. Samkvæmt frásögn ákærðu, sem er í samræmi við framburð Hlyns Jónssonar, bar hann sýnilega áverka í andliti vegna barsmiðanna í herberginu, með glóðaraugu, blóðnasir og sprungnar varir.

Með frásögn vitna, ákærðu og vettvangsathugun lögreglu þykir nægjanlega sannað, að atburðarásin, eftir að atganginum í hjónaherberginu að Ægisbyggð 4 lauk, hafi verið á þá leið, að húsráðandinn, Hlynur Jónsson, hafi elt ákærðu B og Kristin út úr íbúðarhúsinu með hníf í hendi og þar veitt hinum síðarnefnda áverka á kvið, líkt og lýst er í áverkavottorði læknis. Með framburði ákærða A, sem stoð hefur í öðrum gögnum, verður það lagt til grundvallar, að hann hafi við nefndar aðstæður slegið Hlyn Jónsson aftan á höfuð með bordlampa og þannig náð að afvopna hann. Með samhljóða frásögn ákærðu A og B, er stoð hefur í frásögn Kristins, er sannað, að ákærðu hafa eftir þetta allir veist að Hlyni og beitt hann ofbeldi með því að slá og sparka í líkama hans. Verður ekki með vissu fullyrt um þátt ákærðu hvers um sig, en þó verður til þeirra staðhæfinga ákærðu B og A litið, að þeir félagarnir hafi ekkert dregið af sér við barsmiðina.

Að öllu ofangreindu virtu þykir sannað, að ákærðu A, Kristinn og B hafi gerst sekir um líkamsárás. Að virtum læknisvottorðum þykja afleiðingar árásarinnar hafa orðið þær, sem í ákæru greinir, þannig, að varði við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Ákærði Kristinn Kristinsson hefur ekkert getað borið um atvik þau, er gerðust innan dyra að Ægisbyggð 4, sökum minnisleysis af völdum áfengisdrykkju, en samkvæmt vætti vitnanna J og T, sem er í samræmi við frásögn meðákærðu, tók hann fyrst beinan þátt í atlögunni gegn Hlyni Jónssyni, eftir að hann sjálfur hafði fengið áverka á kvið. Með samhljóða framburði nefndra vitna er það og upplýst, að ákærði Kristinn hafði að mestu við í stofunni ásamt vitnunum og ungu barni húsráðanda, á meðan félagar hans, meðákærðu, gengu í skrokk á föður þess með framangreindum hætti. Hafa vitnin staðfastlega borið, að ákærði Kristinn hafi við þessar aðstæður haft í frammi hótanir, líkt og lýst er í ákæruskjali. Að mati dómsins var allur sá atgangur, sem ákærðu stóðu fyrir að Ægisbyggð 4 umrædda nótt, til þess fallinn að valda stúlkunum miklum ótta og að þær hafi haft fullt tilefni til að halda, að þeim væri ófrjálst að fara eða gera lögreglu viðvart. Verður eigi heldur fram hjá því horft, að vitnin voru á fjórtánda og fimmtánda aldursári. Að þessu virtu og með hliðsjón af framburði lögreglumanna, er lýst hafa ástandi vitnanna við komu á vettvang, þykir sannað, að ákærði Kristinn hafi gerst sekur um brot gegn frjálrsæðisákvæði 225. gr. almennra hegningarlaga.

II.

III.

Ákærði Kristinn Kristinsson er fæddur 6. apríl 1974. Samkvæmt sakavottorði hefur hann þrívægis gengist undir dómsáttir, árið 1993 vegna fjársvika, árið 1994 vegna ölvunaraksturs og árið 1995 vegna brota gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf. Þá var hann 13. júní 1996 dæmdur skilorðsbundið í 30 daga fangelsi til tveggja ára fyrir hylmingarbrot, sbr. 254. gr. almennra hegningarlaga, en auk þess til sektarrefsingar vegna ölvunaraksturs.

Við ákvörðun refsingar verður m. a. litið til þess, að árás ákærðu á Hlyn Jónsson á heimili hans aðfaranótt 1. desember sl. var fólkskuleg og hefði hæglega getað leitt til stórkostlegra líkamsmeiðsla. Ber því að hafa hliðsjón af 1. tl. 1. mgr. svo og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Kristinn hefur í máli þessu auk nefndrar líkamsárásar, sbr. 218. gr. almennra hegningarlaga, unnið sér til refsingar samkvæmt 225. gr., 231. gr. og 244. gr. nefndra laga. Með brotum sínum nú hefur ákærði rofið skilorð dóms frá 13. júní 1996. Ber því að taka upp skilorðsdóminn, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1981 og 7. gr. laga nr. 22/1955, og ákveða refsingu hans í einu lagi eftir reglum 77. gr. laganna. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin sex mánaða fangelsi.

Samkv. 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1940 ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar óskipt, þar á meðal saksóknarlauna til ríkissjóðs, sem þykja hæfilega ákveðin 100.000 krónur. Þá greiði ákærðu A og Kristinn Kristinsson sameiginlega málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Heiðrúnar Jónsdóttur héraðsdómslögmanns, 150.000 krónur, en ákærði B málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorsteins Hjaltasonar héraðsdómslögmanns, er þykja hæfilega ákveðin 100.000 krónur.

Mál þetta var dómtekið 30. apríl sl., en með vísan til 133. gr. laga nr. 19/1991 var það endurflutt og dómtekið að nýju 18. júní sl.

Dóm þennan kvað upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði Kristinn Kristinsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði B sæti fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði A sæti fangelsi í 15 mánuði.

— — —

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt, þ. m. t. saksóknarlaun til ríkissjóðs 100.000 krónur.

Ákærðu A og Kristinn Kristinsson greiði sameiginlega málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Heiðrúnar Jónsdóttur héraðsdómslögmanns, 150.000 kr. Ákærði B greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorsteins Hjaltasonar héraðsdómslögmanns, 100.000 krónur.
